

EFTIRLITSSKÝRSLA

Landeldi hf. Þorlákshöfn Laxabraut 21, 23 og 25



Dags eftirlits	30.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Landeldi hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Laxabraut 21, 23 og 25	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	650417-1510	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Þorvaldur Arnarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Ágústsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit og varðar starfsemi án starfsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór óboðað eftirlit í landeldisstöð Landeldis ehf. að Laxabraut í Þorlákshöfn í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Farið var í óboðað eftirlit vegna ábendingar um að starfsemi færi fram utan lóðamarka rekstraraðila, á lóð sem tilheyrir Laxabraut 19.

Við eftirlit var staðfest að tvö ker eru staðsett á lóð Laxabrautar 19. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var kerjunum komið upp til bráðabirgða. Eitt ker var tómt, en laxfiskur var í öðru þeirra. Miklar framkvæmdir standa yfir á lóð rekstraraðila. Samkvæmt rekstrarstjóra Landeldis ehf., voru þessi ker nýtt til að taka við seiðum úr seiðaeldisstöð Landeldis í Öxnalæk í Ölfusi. Fyrirhugar rekstraraðili að fjarlægja þessi ker um leið og hægt er að koma eldisfiskinum sem er þar nú í önnur ker og á réttaði að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða.

Frávik frá

Lýsing á frávik

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka [I, II og IV] skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út [sbr. þó 7. gr a og 8. gr.] Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann [skráður samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur skv. 1. mgr. 8. gr.]. Sjá ýtarlegri umfjöllun um frávik undir „Önnur atriði“

ANNAÐ

Nánar um frávik:

Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka [I, II og IV] skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út [sbr. þó 7.gr a og 8. gr.] Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann [skráður samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur skv. 1. mgr. 8. gr.]. Að auki skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Er því starfsemi innan lóðar á Laxabraut 19 óheimil.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

